

Reglur um efnistöku úr malarnámum í eigu Grundarfjarðarbæjar

1. Efnistaka úr malarnámum er heimil fyrirtækjum sem eru skráð í Grundarfjarðarbæ. Forsvarsmenn og eigendur fyrirtækjanna skulu eiga lögheimili í Grundarfjarðarbæ.
2. Þau fyrirtæki sem hyggja á efnistöku, skulu sækja um heimild til skipulags- og byggingafulltrúa Grundarfjarðarbæjar og greina frá úr hvaða námu efnistaka er fyrirhuguð. Gera skal grein fyrir áætluðu magni þess efnis sem taka á úr viðkomandi námu og á hvaða tíma efnið verður tekið. Skipulags- og bygginga-fulltrúi getur á grundvelli umsóknar og upplýsinga um áætlað magn, gefið út heimild til efnistöku í tiltekinn tíma, þó ekki lengur en til 12 mánaða í senn.
3. Fyrirtæki sem heimild hafa til efnistöku úr efnisnámi skulu ganga vel um námusvæðið og skilja þar ekki eftir neitt sem ekki er verið að nota við efnistöku hverju sinni.
4. Efnistakan er háð eftirliti af hálfu skipulags- og byggingafulltrúa eða starfsmanna hans. Verði vart við að efnistaka sé utan þeirra marka sem ákveðin eru í reglum þessum, eða að magn efnis sé meira en áætlað hefur verið, er skipulags- og byggingafulltrúa skylt að stöðva efnistöku á meðan málið er kannað nánar og fyrirtækið gerir grein fyrir verkum sínum. Fyrirtæki sem hefur heimild til efnistölu er skylt að hlíta fyrir mælum skipulags- og byggingafulltrúa um staðsetningu efnistöku og umgengni á viðkomandi svæði. Verði ekki orðið við tilmælum skipulags- og byggingafulltrúans um umbætur, er honum skylt að stöðva frekari efnistöku uns bætt hefur verið úr. Verði fyrirtæki uppvíst að því að hlíta ekki fyrir mælum skipulags- og byggingafulltrúa ítrekað, skal heimild þess til efnistöku felld niður varanlega að undangenginni skriflegri og sannanlegri aðvörum með allt að 14 daga fresti til úrbóta og andmælarétti.
5. Efnistökusvæði skulu girt af ef mögulegt er og aðgengi þá aðeins mögulegt um hlið á girðingu. Þar sem hlið eru, skulu þau að öllu jöfnu vera lokuð og alltaf utan reglulegs vinnutíma. Þeir sem hafa heimild til efnistöku eru ábyrgir fyrir því að hlið sé lokað utan vinnutíma og þegar efnistaka fer ekki fram.
6. Gjald fyrir efnistöku skal vera kr. 120 fyrir hvern rúmmetra. Við umsókn um heimild til efnistöku skal viðkomandi fyrirtæki áætla efnismagn og efnistökutíma að hámarki til 12 mánaða í senn. Reikningar verða gerðir mánaðarlega á grundvelli þeirra áætlunar. Verði veruleg frávik frá áætluðu efnismagni að mati skipulags- og byggingafulltrúa skal viðkomandi áætlun og reikningagerð endurskoðuð. Eftir að efnistöku er lokið hverju sinni, verður ekki unnt að breyta þegar gerðum reikningum til lækkunar.
7. Einstaklingar geta fengið heimild til efnistöku í smáum stíl með heimild frá skipulags- og byggingafulltrúa gegn greiðslu sbr. 6. lið.
8. Reglur þessar skulu teknar til endurskoðunar í lok árs 2008 í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður fengin af þeim.

Samþykkt í bæjarráði Grundarfjarðarbæjar þ. 28. febrúar 2008.